

Stjórnarfundur STEFs 20. nóvember 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 20. nóvember 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bragi Valdimar Skúlason og Þuríður Jónsdóttir, sem kom í stað Halldórs Smárásonar, sem boðaði forföll. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerð stjórnarfundar frá 17. október, svo og útdráttur lögð fram og samþykkt.
- Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundu. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:
 - Ítrekunarbréf til íþróttafélaga og íþróttasambanda.
 - Sala nótna *Tónlistarmiðstöðvar* – minnisblað STEFs.
 - Samkomulag milli *Þjóðskjalasafns* og STEFs.
 - Kynning á þátttakendum í verkefninu *Vindur í seglum*.
- Samningaviðræður við SÝN.
 - Lagt fram erindi Sýnar dags. 17. okt. 24.
 - Lagt fram svar STEFs við erindi Sýnar dags 3. nóv. 24, vegna samningaviðræðna.

Tómas Jónsson lögmaður STEFs mætti sem gestur á fundinn.

- Frumflutningur, breyting verklagsreglna.

Lagðar voru fram tillögur til breytinga og þær ræddar og að lokum samþykktar. Er þetta í þriðja sinn á árinu sem þessar reglur taka breytingum (en breytingarnar koma ekki til framkvæmda fyrr en í næstu aðalúthlutun í desember). Lúta þessar breytingar að því að skýra betur hvenær STEF greiðir frumflutningsálag og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla í því sambandi og þá um leið hvaða heimildir skrifstofa STEFs hefur, til að óska eftir upplýsingum um tilvist verka og flutning þeirra. Breytingar þessar verða kynntar á heimasíðu STEFs.

- Verðskrá fyrir tónleika – tillögur að breytingum.

- Minnisblað lagt fram.

Árni Sigurjónsson, sölu- og innheimtustjóri, kom sem gestur á fundinn og kynnti tillögurnar.

Síðustu ár hefur verið töluverð hækkun á miðaverði á stærri tónleikaviðburði, sem hafa farið fram t.d. í Hörpu, Hofi, Háskólabíó, Laugardalshöll og á öðrum sambærilegum stöðum. Hækkun á miðaverði má aðallega rekja til hækkunar á kostnaði vegna húsaleigu á tilgreindum viðburðarstöðum, leigu á tæknibúnaði, gæsluþjónustu og tækniþjónustu. Því liggur fyrir að heildarinnkoma tónleikaviðburða af þeirri stærðargráðu sem fram fer á þessum tónleikastöðum er meiri en áður, en á móti er kostnaðurinn við slíka viðburði einnig hærri.

Í verðskrá STEFs er miðað við að veittur sé magnafsláttur af höfundaréttargjöldum af innheimtum tekjum vegna tónleika umfram 6 milljónir króna. Hefur þetta tekjumark verið óbreytt frá og með

árinu 2016 (en fram að því miðaðist magnafslátturinn við ákveðinn seldan sætafjölda). Verðskráin að öðru leyti hefur verið óbreytt í tugi ára, þ.e.a.s. að STEF hefur innheimt 4% fyrir minni tónleika, en 2,5% fyrir stærri tónleika. Við þetta bætist innheimta fyrir SFH vegna spilunar hljóðrita á tónleikum, sem reiknast sem 6% álag ofan á verð STEFs og er þetta álag almennt innheimt með greiðslunni til STEFs og er þá heildarprósentan 4,24% fyrir minni tónleika og 2,65% fyrir stærri tónleika.

Tillagan sem kynnt var tvíþætt:

(A) Að uppfæra tekjumarkið sem í dag eru 6 milljónir upp í 8.8 milljónir, sem er í raun uppreiknuð fjárhæð miðað við vísitöluhækkunar. Verði fjárhæðin eftirleiðis endurskoðuð árlega með tilliti til vísitölubreytingar.

(B) Að verðskrá STEFs fyrir stærri tónleika verði breytt úr 2,65% í 3,18%, sem reiknast þá af tekjum umfram 8.800.000, sbr. áður nefnt. Þetta hlutfall (3,18%) er fengið á þann hátt, að verð til STEFs hækki úr 2,5% í 3%, en að álag til SFH reiknist þá áfram sem 6% af verði STEFs, sem að samanlagt verður þá 3,18%.

Ástæðan fyrir að lögð er til þessi hækkun er fyrst og fremst sú, að STEF er að innheimta nokkuð lægri gjöld fyrir stærri tónleika en gert er á hinum Norðurlöndunum, eins og nánar er rekið í framlögðu minnisblaði. Með þessari breytingu væri verð STEFs fyrir stærri tónleika þó samt lægra en það er í Finnlandi og mjög svipað og bæði í Noregi og í Svíþjóð. Verð fyrir minni tónleika verði áfram óbreytt.

Þar sem stærri tónleikar eru venjulega skipulagðir með löngum fyrirvara, þá þykir rétt að þessi nýju verð taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2026.

Eftir nokkrar umræður voru tillögur þessar samþykktar.

6. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar.

- Lagt var fram afrit fundarboð til fulltrúaráðsfundarins, sem haldinn verður þann 17. desember nk. Í fundarboðinu er að finna dagskrá fundarins. Rætt var um framkvæmd fundarins.

7. Tillögur fundartíma eftir áramót.

- Lögð var fram áætlun um fundartíma fram á vor og var hún samþykkt.

8. Önnur mál.

Rætt var um hugsanlega heiðursverðlaunahafa STEFs.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.